

Aðalfundur ÆSKP haldinn 3. mars 2021 kl. 17 í Neskirkju og á Zoom

1. Lagt er til að Hákon Darri Egilsson verði kosinn fundarstjóri og Þuríður Björg kosinn ritari.
 - a. Samþykkt samhljóða.
2. Jóhanna Ýr, formaður, les skýrslu stjórnar ÆSKP 2020.
 - a. Engar athugasemdir eru gerðar við skýrslu stjórnar.
3. Jónína Sif, framkvæmdarstjóri, les skýrslu framkvæmdarstjóra ÆSKP.
 - a. Solveig Lára, vígslubiskup, kemur á framfæri þökkum fyrir starf ÆSKP og allra æskulýðsfélaga á fordæmalausu ári, 2020.
4. Jónína leggur fram ársreikninga ÆSKP fyrir starfsárið 2020 í fjarveru gjaldkera.
5. Jónína leggur fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2021.
 - a. Ingunn gerir athugasemd við áætlaðann kostnað Landsmóts. Jónína útskýrir að aðstæður bjóði ekki uppá að lækka þetta eins og staðan er núna. Tölurnar miðast við fjárhagsáætlun landsmóts eins og tilboð lágu fyrir vegna landsmóts haustið 2020 sem síðar var frestað. Höfum verið heppin undanfarin ár og fengið ódýrt húsnæði og aðföng. Tilboð í akstur/rútur hafa verið í hærra lagi. Gætu verið Covid áhrif. Vonast til þess að það hægt að lækka þennan kostnað þegar nær dregur móti.
 - b. Ingunn gerir einnig athugasemd við mótsgjöld, að þau séu of há. Jónína og Jóhanna benda á að þau hafi lækkað seinustu ár. Sum æskulýðsfélög fara í fjáröflun. Jóhanna bendir á að sum sveitafélög veiti frístundarstyrk uppí mótsgjald og hvetur leiðtoga til að skoða það.
6. Jóhanna kynnir starfsáætlun fyrir árið 2021.
7. Kosningar.
 - a. Kosinn er formaður til tveggja ára.
 - i. Berglind Hönnudóttir gefur kost á sér og er kosin með 14 atkvæðum, 1 skilar auðu.
 - b. Kosinn er gjaldkeri til tveggja ára.
 - i. Anna Lilja gefur kost á sér og er kosin með 11 atkvæðum, 6 skila auðu.
 - c. Kosnir eru fimm varamenn.
 - i. Ásmundur Máni, Katrín, Sóley Adda, Aldís Elva, Sigurður Óskar, Ása Laufey og Bolli Pétur gefa kost á sér.
 1. Máni, Sóley, Aldís, Siggi og Bolli kosin sem varamenn.
8. Skoðunarmenn reikninga.
 - a. Guðmundur Karl og Þuríður Björg kosin skoðunarmenn reikninga.
9. Önnur mál.
 - a. SMS kerfi:
 - i. Leitast er eftir samþykki fundarins til þess að greiða fyrir notkun sms kerfis árið 2021. Samþykkt samhljóða.

- b. Berglind:
 - i. Leggur til ályktun um að fyrir næsta aðalfund verði lögð fram lagabreytingatillaga um að hætt verði að kjósa sérstaklega í embætti ritara og gjaldkera en í staðin verði kosið til tveggja ára í senn formann og tvo meðstjórnendur og hitt árið 2 meðstjórnendur og að stjórn skipti mér sér hlutverkum á fyrsta fundi stjórnar.
 - ii. Stjórn er falið að skoða málið
- c. Ingunn leggur fram ályktun:
 - i. Leggur fram ályktun um að fundurinn hvetji landsmótsstjóra til að halda landsmótsgjöldum undir 15.000 kr.
„Aðalfundur ÆSKÞ 2021 haldinn í Nes Kirkju 3. mars 2021 hvetur Landsmótsstjóra til að halda landsmótsgjöldum undir 15.000 kr.“
Ályktunin samþykkt með 7 greiddum atkvæðum.
 - ii. Jóhanna Ýr bendir á að Landsmótsnefnd ákveði á hverju ári landsmótsgjald í samræmi við fjárhagsáætlun.
- d. Ingunn leggur fram fyrirspurn um kynjaskiptingu í herbergjum á Landsmóti:
 - i. Lagt til að stjórn og framkvæmdarstjóri ÆSKÞ fundi með leiðtogum og sóknarprestum í aðdraganda Landsmóts og að hvert félag fyrir sig geti ákveðið hvort þau gisti saman eða kynjaskipti herbergjum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 19:02